

## AUGLÝSING

### um friðlýsingu menningarminja.

#### Alþingisgarður.

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa Alþingisgarðinn við Kirkjustræti 14 (landnúmer 100886). Alþingisgarðurinn er elsti og best varðveitti almenningsgarður við opinbera byggingu á Íslandi. Framkvæmdir stóðu yfir frá 1893 til 1894 en hönnun garðsins lá fyrir í upphafi sem markaði tímamót í íslenski garðsögu. Friðlýsingin tekur til Alþingisgarðsins við Kirkjustræti 14 í þeirri mynd sem hann hefur varðveist, skipan stíga, beða, trjágróðurs og tegundaflóru innan hvers reits, minnisvarða, hleðslna og yfirborðsefna og hlaðinna veggja umhverfis garðinn. Lengd garðsins er 33,1 metri og breidd 27,2 metrar. Ekki er gert ráð fyrir 100 metra friðhelgu svæði frá útmörkum garðsins, sbr. ákvæði 22. gr. minjalaga. Útmörk hins friðlýsta skrudgarðs eru dregin um eftirtalda hnitapunkta:

- $X = 356933.362 / Y = 408165.180$
- $X = 356907.862 / Y = 408174.664$
- $X = 356919.591 / Y = 408205.709$
- $X = 356945.156 / Y = 408195.889$

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 18. nóvember 2024.

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Stefán Guðmundsson.*

B-deild – Útgáfudagur: 4. desember 2024